

Fyrirtækjaráðgjöf

Verðmöt

Verðmöt á fyrirtækjum og rekstrareiningum eru framkvæmd vegna ýmissa gjörninga svo sem endurfjármögnunar, kaupa, sölu og endurskipulagningar.

Verðmöt á félögum sem framkvæmd eru í fyrirtækjaráðgjöf PwC eru flest gerð samkvæmt sjóðstreymisgreiningu sem og með samanburði á kennitölum og fleiri aðferðum.

Tilfni verðmata

Umbjóðendur PricewaterhouseCoopers hf. (hér eftir vísað til sem PwC) hafa allmargar ástæður fyrir því að leita eftir sérfræðimati á verðmæti eigna.

- Samstæður sem standa í endurskipulagningu þurfa að fá mat á eðlilegu y yfirfærsluverði rekstrareininga sinna.
- Eigandi félags hefur fengið tilboð í félag sitt og vill fá staðfestingu á því að verðið sem boðið er sé ásættanlegt.
- Væntanlegur kaupandi félags vill fá sérfræðiverðmat á því félagi sem hann vill fjárfesta í.
- Sameining fyrirtækja stendur fyrir dyrum og þörf er á því að meta virði félaganna með samræmdum verðmatsaðferðum.

Sjóðstreymisgreining

Sú aðferðafræði sem víðast hvar er notuð við verðmöt félaga kallast sjóðstreymisgreining. Aðferðafræðin felst í því að núvirða framtíðarsjóðstreymi félagsins til að leggja mat á hversu mikil verðmæti verða til í rekstrinum.

Áætlanir eru gerðar til næstu ára og það fjárflæði sem fellur til eigenda og lánastofnana er afvaxtað með veginni ávöxtunarkröfu að teknu tilliti til samsetningar á fjármögnun. Með þeim hætti er virði rekstursins reiknað. Til þess að reikna út virði eigin fjár er virði rekstrarins leiðrétt fyrir lánsfjármögnun og órekstartengdum eignum.

Það er mjög mikilvægt að sú ávöxtunarkrafa sem notuð er til að afvaxta framtíðarsjóðstreymi sé rétt metin. Ávöxtunarkrafan þarf að endurspeglja þá áhættu sem falin er í rekstri félagsins að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem eru á markaðnum hverju sinni.

Jafnan er einnig gerð næmnigreining á þeim forsendum sem notaðar eru við framkvæmd verðmata til að sjá áhrif breyttra forsenda á niðurstöðu verðmatsins.

Auk þess eru samanburðargreiningar og kennitölur úr rekstri notaðar til hliðar við sjóðstreymisgreininguna.

Í sumum tilvikum á þó sjóðstreymisgreining ekki við og þá meta sérfræðingar PwC hvaða verðmatsaðferð er við hæfi hverju sinni.

Hvers virði er fyrirtækið þitt?

Stendur félagið fyrir endurskipulagningu og þarf mat á rekstrareiningum?

Er áhugi fyrir kaupum á fyrirtækinu?

Mismunandi forsendur

Það eru margar spurningar sem þarf að svara við gerð verðmata:

- Eru eignir meðal eigna félagsins sem eru ekki rekstrartengdar?
- Eru áætlanir næstu ára raunhæfar?
- Hvernig hefur samanburður á áætlunum og rauntölum fyrri ára komið út?
- Hvernig á að meta veltufjármuni og veltufjársbindingu félagsins?
- Eru áætlaðar breytingar/hagræðingar í rekstri sem hafa áhrif á framlegð rekstrarins?
- Hvaða kjör fær félagið á lánsfjármarkaði?
- Ef félagið er með starfsemi erlendis þarf að taka tillit til þess í forsendum verðmatsins, svo sem vegna skattalaga og uppruna fjárflæðis frá hverri starfsstöð.

Hér að ofan er hluti þeirra spurninga sem þarf að svara við gerð verðmata. Hvert félag er einstakt og þarf að taka tillit til mismunandi forsendna í hverju verðmati fyrir sig.

Hvað getur PwC gert fyrir þig

Mikilvægt er við gerð verðmats að taka til greina forsendur hvers fyrirtækis og hafa skilning á rekstri þess og rekstrarumhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og skilvirkni við gerð verðmata.

PwC hefur mikla reynslu af framkvæmd verðmata stærri og smærri félaga á innlandri og erlendri grundu.

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerða sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2008 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ og “PwC” vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

Tengiliðir

Halldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Kristján Markús Bragason

Varasviðsstjóri

+ 354 550 5350

kristjan.m.bragason@is.pwc.com